

# Reglugjörð

## fyrir Austur-Barðastrandarsýslu um hreinsun hunda af bandormum og aðrar varnir gegn sullaveiki.

### 1. gr.

Skylt er öllum mönnum að varna því, svo sem verða má, að hundar jeti sulli, eða nokkuð ósoðið af innýflum eða kjöti alidýra. Einnig skal gæta þess, að hundar komist ekki í matarilát, vatnslát eða vatnsból. Þeir hafist og eigi við í baðstofum og búrum, svo sje og börnum eigi líðið að leika sjer við þá. Þessar og aðrar nauðsynlegar varúðarreglur gegn sullaveiki, skulu bæði heilbrigðisnefndir, þar sem þær eru til, hreppstjóri og hreppsnefnd hver, bryna fyrir mönnum á hverju manntalsþingi og endranær, er tilefni og tækifæri er til.

Við slátrun í kaптúnunum og við slátrunarhús, eiga þeir er fyrir henni standa (kaupmenn, verslunarstjórar, slátursstjórar) sjerstaklega að gæta þess, að fylgt sje varúðarreglunum í fyrstu málsgrein þessarar greinar.

### 2. gr.

Alla hunda í sýslunni, 2ja mánaða eða eldri, skal hreinsa svo sem auðið er af bandormum, eftir leiðarvísi, er sýslunefndin semur. Hreinsun sú skal fara fram fyrsta desember ár hvert, eða sje það sunnudagur, þá annan desember, eða næsta veðurferan dag, ef veður hamlar. Auk þess getur sýslunefndin fyrirskipað alsherjarhreinsun hunda, þá er henni þykir ástæða til.

### 3. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi sýslunnar skal falið á hendur að sjá um lækning á hundum og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn eftir stærð hreppanna, til að annast hana, og getur enginn skorast undan því starfi 2 ár í senn, sem ekki er öðrum háður sem hjú, og er heill heilsu, þó er hann ekki skyldur til að taka á móti þessu starfi aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma.

### 4. gr.

Sjerhver eigandi er skyldur að flytja hund sinn á þann stað, er lækningamaður skipar, sem og flækingshunda er hjá honum fyrirfinnast, í ákveðinn tíma, ella drepa þá.

Sje hundi skotið undan lækningu, varðar það sektum, en valdi forföll að hundur komi eigi til lækninga, skal eigandi koma honum svo fljótt til lækninga sem auðið er, í samráði við lækningamann, en greiða skal eigandi þá kr. 4,00 til lækniugamanns fyrir slíka aukahreinsun, og tilkynna honum um færslu hundsins í hreinsunarhús.

### 5. gr.

Fyrir lækning og böðun á hverjum hundi skal greiða lækningamanni kr. 1,00 úr sýslusjóði og kr. 1,00 úr sveitarsjóði fyrir hvern hund, allur meðalakostnaður greiddist úr sýslusjóði.

### 6. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að nægilega margir steinsteyptir kofar með þásam fyrir

hvern hund sjeu til, til hreinsunarinnar, og sömuleiðis baðker, og eru allir bændur skyldir til að leyfa að byggja slíka kofa, sem og að fá efni til þeirra í landi jarða sinna. Hún hefir í 25. júní því efni samráð við lækningamann. Eunnfremur skal hreppsnefnd skylt að leggja til nægilega mörg helsi, svo að binda meigi hur dana meðan á lækning stendur, ef lækningamaður krefst þess. Kostnað við áhöld eftir þessari grein má greiða úr sveitarsjóði.

#### 7. gr.

Lækningamaður sendir hreppsnefnd skýrslu um, hve mörgum hundum hann hefir gefið inn, á hve marga meðalið hefir verkæð, og úr hve mörgum hafi gengið bandormar o. s. frv. En hreppsnefnd semji aðalskýrslu, og sendi sýslunefnd fyrir árslok.

#### 8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá kr. 1—10, er renni að helmingi í sýslu- og sveitarsjóð. Mál er rísa útaf brotum á reglugjörð þessari, skal farið með sem opinber lögglumál.

Með reglugjörð þessari er fallin úr gildi samskonar reglugjörð fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, dags. 9. maí 1908.

#### Leiðarvisir:

um hreinsun hunda af bandormum í Austur-Barðastrandarsýslu.

1. Sýslunefndin eða sýslumaður fyrir hennar hönd ákveður í samráði við dýralækni, hver lyf skuli gefin hundunum inn til hreinsunar, en lækningamaður skal svelta hundinn inni í hreinsunarhúsi 8 klt. á undan inngjöf, og eigi má sleppa hundi fyr, en eftir 12 klt. frá inngjöf, nema að fenginni undanþágu frá dýralækni.
  2. Eigi má hunda hreinsa í hífylum manna, og eigi í fjósi eða fjárhúsi.
  3. Meðun á hreinsun stendur, skal hver hundur vera í klefa sjer eða bás, samkvæmt reglugjörð hjer að framan, svo auðið sje að rannsaka, hvað af hundinum gengur, og hreinsa klefann vandlega á eftir.
  4. Áður en hundur er laus látinn, skal baða hann vandlega úr 2% sterkri brennisteinslifur uppleysingu (hepar sulphuris).
  5. Sullameinvaldur (taenia echinococcus) það er bandormur sá er veldur sullaveiki í mönnum og ýmsum alidýrum, er aðeius 4ar randir (millim.) á lengd, eða  $\frac{1}{6}$  úr þumlungi og mjór að sama skapi. han sjest því ekki nema með sjerstakri glöggri eftirtekt, en af honum stafar hættan. Einungis af því, að hann hefir komist úr hundi í menn, hafa þeir orðið sullaveikir.
- Annarar tegundar er vankavalður (taenia coenius), en er einuig bandormur í hundi 40—60 cm. á lengd (15—20 þm.), ef hann eða egg hans kemst úr hundi í sauðkind, kemur innan þriggja vikna fram í henni vanki (höfuðsótt). Þessar tvær tegundir bandorma hundsins eru þannig afarhættulegar, og er einsætt að gera alt sem auðið er, til þess að eyða þeim ornum og varna því að þeir komist í menn eða skepnur. Þegar því búið er að hreinsa hundana, ríður á að brenna alt er úr þeim hefir gengið, eða að grafa það djúpt í jörð niður, en sóthreinsa sjálft húsið.
6. Af því sem nú er sagt, er auðsætt að hundahreinsunarmenn þurfu að fara mjög varlega með sjálfa sig og fót sín, og yfir höfuð gæta allrar varúðar og varkárni.

**63**  
25. júní

7. Sullameinvaldur kemur í hundana af því einu, að þeir jeta sulli sjerstaklega úr lifur og lungum. Vankavaldur af því einu, að þeir ná að jeta heila eða eitthvað úr höfði höfuð sóttarkindar. Ef komið yrði alveg í veg fyrir þetta, mundi bandormur þessi deyja út, og með þeim sullaveiki í mönnum og vanki í sauðkindum.

Að vita þetta ætti hverjum manni að vera eitt ærið, til þess að hann telji það nauðsyn og helga skyldu sína, að varna því eftir mætti, að hundar nái að jeta sulli eða nokkurt hráæti, er sullir geti leynst í, og meðan hundar eru grunsamir, að þá sje hagað til með þá, að sem minst hætta stafi af þeim.

Samþykt á sýslufundi Austur-Barðastrandarsýslu í maí 1919.

Skrifstofu Barðastrandarsýslu, 25. júní 1920.

*Einar M. Jónasson.*

**64**  
25. júní

## Samþykt

### um breyting á samþykt um lækning hunda af bandormum o. fl. í Vestur-Skaftafellssýslu frá 30. nóv. 1895.

1. 1. gr. orðist svo:

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir 1—2 menn til þess að annast um lækning hunda af bandormum, og 1 varamaður, sem um leið sje skylt að vera aðalmönnum til aðstoðar, ef þeir óska.

2. 3. gr. hljóði:

Heimilt er lækningamönnum að skilfta hreppnum í svo margar déildir sem þörf er á, eftir staðháttum, enda sje hreppsbum skylt að hafa nægileg lækningahús.

3. Við 9. grein:

Í stað orðanna »25 aurar« komi 1 króna.

Þannig samþykt af sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu á aðalfundi hennar, sem haldinn var 10.—14. maí þ. á.

Skrifstofu Skaftafellssýslu, 28. júní 1920.

*Gísli Sveinsson.*